



■ Frá æfingu hjá Stúdentaleikhúsinu á rokk-söngleiknum „EKKÓ - guðirnir ungu“

„EKKÓ - guðirnir ungu“

■ Að undanförunu hafa staðið yfir æfingar hjá Stúdentaleikhúsinu á rokk-söngleiknum „EKKÓ - guðirnir ungu“ eftir Claes Andersson. Forsýning var í félagsmiðstöðinni Tónabæ 27. ág., og frumsýning í bíóhöllinni á Akranesi miðv. 28. ágúst. Síðan er ætlunin að fara með söngleikinn víða um land skv. ferðaáætlun, sem birtist hér á eftir.

Ólafur Haukur Simonarson rit-höfundur annaðist þýðingu og semur söngtexta, Ragnhildur Gísladóttir „fyrirverandi Grýla“ frumsemur tónlist við verkið. Andrés Sigurvinsson, leikstjóri því. Karl Aspelund hannar leikmynd og búninga, en Guðný B. Richards gerir brúður, sem fara með hlutverk hinna fullorðnu í sýningunni. Egill Arnason ljósaönnuður sér um lýsinguna.

Prettán ungir leikarar koma fram á sýningunni, en auk þeirra eru heil hljómsveit á sviðinu og taka jafnframt þátt í leiknum atriðum. Gamalreyndir leikarar ljá brúðunum raddir sínar.

Stúdentaleikhúsið vinnur að þessum sýningum í tilefni af „Ári æskunnar“ sem nú stendur yfir.

Ferðaáætlun - „EKKÓ - guðirnir ungu“

28. ágúst kl. 20:30 Akranes
29. ágúst kl. 20:30 Grundarfjörður
30. ágúst kl. 20:30 Stykkishólmur
31. ágúst kl. 20:30 Búðardalur
1. sept. Ferðadagur
2. sept. kl. 20:30 Patreksfjörður
3. sept. kl. 20:30 Þingeyri
4. sept. kl. 20:30 Bolungarvík
5. sept. kl. 20:30 Hnífsdalur
6. sept. Ferðadagur
7. sept. kl. 20:30 Hvammstangi
8. sept. kl. 20:30 Blönduós
9. sept. kl. 20:30 Saudárkrókur
10. sept. kl. 20:30 Siglufjörður
11. sept. kl. 20:30 Ólafsfjörður
12. sept. kl. 20:30 Dalvík
13. sept. kl. 20:30 Akureyri
14. sept. kl. 15:00 Akureyri
15. sept. kl. 20:30 Aðald. (Ýdalir)
16. sept. kl. 20:30 Húsavík
17. sept. kl. 20:30 Þórshöfn
18. sept. kl. 20:30 Vopnafjörður
19. sept. kl. 20:30 Borgarfj. eystri
20. sept. kl. 20:30 Egilsstaðir
21. sept. kl. 20:30 Neskaupstaður
22. sept. kl. 15:00 Reyðarfjörður
23. sept. kl. 20:30 Höfn
24. sept. kl. 20:30 Vík
25. sept. kl. 20:30 Hvalsóllur
26. sept. kl. 20:30 Selfoss
27. sept. kl. 20:30 Laugarvatn

Fyrirhugaðar ferðir um helgar í október og nóvember: Vestmannaeyjar, Keflavík, Aratunga, Stokks-eyri, Þorlákshöfn.

Leikritið verður síðan sýnt í miðri viku í félagsmiðstöðinni Tónabæ í októbermánuði.

Septem '85

■ „Það er allt fullt af sýningum hér í Reykjavík. Menn sem kalla sig listamenn eru að hengja upp myndir í öllum skúmaskotum.“ sagði Valtýr Pétursson einn úr Septem hópnum, á blaðamannafundi sem boðað var til vegna 13 sýningar hópsins.

Valtýr sagði að markaðurinn væri orðinn fullur og vel það, því sala á listaverkum hefur snarminnkað upp á síðkastið. Valtýr sagði að Septem hópurinn hefði ákveðið að sýna ekki

næsta ár, en farið væri að velta vöngum yfir sýningu 1987.

A sýningu Septem hópsins eru tveir gestir, Hafsteinn Austmann og Daninn Jens Urup, sem meðal annars sýnir steinda glugga sem hann hefur gert í Saudárkrókkirkju. Þeir verða sýndir þarna, ásamt vinnuteikningum listamannsins.

Sýningin Septem '85 verður opnuð í dag klukkan 14:00.

Íslenskt landslag í eigin útfærslu

■ „Þó þetta séu landslagsmyndir ratar enginn eftir þeim.“ sagði Jón Reykdal þegar hann sýndi blm. yfir vestur sal Kjarvalstaða, þar sem hann var að hengja upp 64 verk, olíumálverk og þurrkrítarmyndir.

Lengst af hefur Jón fengist við grafík, en hann sagði olíumálverkið ágæta aukabúgrein, sem hann hafði stundað með grafíkinni.

Jón sagði landslagið á myndunum hreinar vinnustofupælingar, „ég get ekki farið með trönur út í sveit og komið landslaginu yfir á léreftið, eins og Ásmundur og fleiri kappar gerðu meistaralega“, sagði Jón, „en ég vona að fólk sjái íslenska náttúru og birtu út úr þessum myndum mínum.“

Sýning Jóns opnar í dag klukkan 14:00 og er opin daglega frá klukkan 14-22. sýningunni lýkur sunnudaginn 15. september.

LIGHT NIGHTS

■ Síðasta sýning á Light Nights á þessu sumri verða haldnar í Tjarnar-



■ Kristín G. Magnús er sögumaður á sýningum LIGHT NIGHTS.

bíói við Tjörnina í kvöld laugardagskvöld. Sýningarnar hefjast kl. 21.00.

LIGHT NIGHTS sýningarnar eru sérstaklega færðar upp til skemmtunar og fróðleiks fyrir erlenda ferðamenn. Efnið er allt íslenskt, en flutt á ensku. Leikhússtjórar eru Halldór Snorrason og Kristín G. Magnús, sem er jafnframt sögumaður Light Nights.

Orgeltónleikar

■ Björn Steinar Sólbergsson heldur orgeltónleika í Kristskirkju Landakoti sunnudaginn 1. sept. kl. 17.00. Hann mun leika verk eftir Bach, Alain og Duruflé.



■ Hluti þeirra sem sýna á Septem '85, frá vinstri Jóhannes Jóhannesson, Hafsteinn Austmann, Valtýr Pétursson og Guðmundur Benediktsson.

NT-mynd - Sverrir



■ Jón Reykdal opnar sýningu m/landslagsm. að Kjarvalsstöðum í dag.

Rykkrokk

■ Fellahellir gengst fyrir útítonleikum á laugardag milli kl. 18-23. Meðal þeirra sem fram koma eru hljómsveitirnar „The Voice“, „No Time“, „Sweet Pain“, og „Tic Tac“. Auk þeirra hljómsveitinn „Petta er bara kraftaverk“ og „Kukían“ sem eru þau í Kukl auk Megasar.

Karlsdóttur, Asu Ólafsdóttur, Heiðu Björk Vignisdóttur- og Valgerði Torfadóttur. Galleríð er á horni Laufásvegur og Bókhöfðustígs. Opnunin verður laugardaginn 31. ágúst kl. 14:00 og er allt áhugafólk boðið velkomið. Almennur opnunartími er 12-18:00 virka daga.

Langbrók:

■ Gallerí Langbrók færir út kvíarnar nú um helgina en þá opnar nýtt gallerí, Gallerí Langbrók textill með verkum þeirra Guðrúnar Gunnarsdóttur, Guðrúnar Marinósdóttur, Sigrúnar Guðmundsdóttur, Steinunnar Bergsteinsdóttur, Önnu Þóru

Framsóknarkonur:

■ Framsóknarkonur halda Landsþing Landsambands framsóknarkvenna að Laugarvatni helgina 31. ágúst til 1. september. Þingið hefst með ávarpi formanns Landsambandsins, Sigrúnar Sturludóttur, kl. 10:00 á laugardag en lýkur kl. 18:00 á sunnudag.



Eftirlit með innréttingum

Byggingarnefnd flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vill ráða eftirlitsaðila með innréttingu flugstöðvarinnar. Verkið sem nefnist innréttingar FK 5 var boðið út 26. ágúst 1985 og er ráðgert að opna tilboð 19. nóvember 1985 og að verkinu ljúki 1. mars 1987. Verkið nær m.a. til:

- Innréttinga og frágangs byggingarinnar.
- Hreinlætislagna, vatnsúðunarkerfis, hitakerfis og loftræstikerfis.
- Raflagna.

Byggingarnefndin leitar eftir einum ábyrgum eftirlitsaðila sem hefur á að skipa hæfu starfsliði til verksins. Einstök atriði sem meðal annarra verða lögð til grundvallar við val á eftirlitsaðila eru: (1) Reyksla við eftirlit með sambærilegum framkvæmdum (2) Hæfni við stjórnun margþættra framkvæmda þar með talin áætlanagerð (3) Umsögn fyrri verkkaupa. Góð enskukunnátta starfsmanna er áskilin.

Verkfræðistofum sem áhuga hafa á verkefninu er boðið að senda upplýsingar til Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Skúlagötu 63, 105 Reykjavík eigi síðar en 16. september 1985 kl. 12:00. Fyrirspurnum verði beint til skrifstofu byggingarnefndar á Keflavíkurflugvelli, sími (92) 1277.

Byggingarnefnd flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli



Rofabúnaður

Telemecanique

Frá hinu þekktu franska fyrirtæki Telemecanique getum við nú boðið af lager mjög fjölbæfa rofasamstæðu til samröðunar með haganlega gerðum rofastýringum, sem smella saman án skrufestinga.

Fyrir allan algengan iðnað, stóran og smáan, ekki síst skipalönað.

Lætið nánari upplýsinga.

JÖTUNN
HÖFÐABAKKA 5 REYKJAVÍK
SÍMI: 685656 og 84530